

10. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal staðfesta skipulagsskrá þessa.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. júní 1993.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Margrét Hauksdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verzlunarskóla Íslands.

1. gr.

Verzlunarskóli Íslands er sjálfseignarstofnun, sem starfar undir vernd Verslunarráðs Íslands. Heimili og varnarþing skólans er í Reykjavík.

Stofnfé skólans er eigið fé hans þann 31. desember 1992, kr. 268 313 608 í fasteignum, kennslutækjum, verðbréfum og bankainnstæðum.

2. gr.

Markmið skólans er að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs innbyrðis sem og gagnvart öðrum þjóðum með því að efla og veita almenna menntun og viðskiptafræðslu á framhalds- og háskólastigi.

3. gr.

Stjórn Verslunarráðs myndar fulltrúaráð skólans og fer með æðsta vald í málefnum hans. Stjórnin skipar að loknum aðalfundi 5 menn í skólanefnd og setur henni erindisbréf. Kjörtímabil skólanefndar er hið sama og stjórnar Verslunarráðs. Stjórn Verslunarráðs er heimilt að leita eftir tilnefningum aðila utan Verslunarráðs um tvo skólanefndarmenn.

4. gr.

Skólanefnd kýs sér formann og varaformann. Formaður boðar fundi skólanefndar og er fundur lögmætur ef meirihluti skólanefndarmanna situr hann. Formanni er skylt að boða fund ef einn skólanefndarmanna, skólastjóri eða endurskoðandi skólans krefjast þess. Á fundum skólanefndar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Það sem gerist á fundum skólanefndar skal bókað í gerðarbók.

5. gr.

Skólanefnd markar stefnu skólans í samræmi við markmið hans skv. 2. gr., ákveður námsframboð, inntökuskilyrði og meginstarfstílhögun skólans.

Skólanefnd skal hafa stöðugt eftirlit með rekstri skólans, bókhaldi og meðferð á fjármunum hans, þ.m.t. sjóðum þeim, er skólanum tilheyra. Skólanefnd afgreiðir rekstrar-áætlun fyrir skólann og ársreikning.

Stjórn Verslunarráðsins, eða skólanefnd í umboði hennar eftir erindisbréfi skv. 3. gr., ræður skólastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og leysir hann frá störfum ef ástæða þykir til. Skólanefnd veitir skólastjóra, svo og öðrum starfsmönnum, ef henta þykir, prókúrumboð.

6. gr.

Skólastjóri kemur fram fyrir hönd skólans og annast daglegan rekstur hans. Skólastjóri er framkvæmdastjóri skólanefndar og situr fundi hennar.

Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur skólastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá skólanefnd, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana skólanefndar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi skólans. Í slíkum tilvikum skal skólanefnd tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Skólastjóri skal sjá um að bókhald skólans sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna skólans sé með tryggilegum hætti.

Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn, og víkur þeim frá, hvort tveggja í samræmi við skólanefnd. Hann semur skýrslu um starfsemi skólans í lok hvers skólaárs.

7. gr.

Verzlunarskóli Íslands ábyrgist skuldbindingar sínar með eignum skólans. Skólanum er heimilt að stofna og starfrækja Húsbyggingarsjóð, sem verði fjárhagslega aðgreindur frá skólarekstrinum. Verzlunarskóli Íslands ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum Húsbyggingarsjóðs.

8. gr.

Reikningsár skólans telst frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Skólanefnd skal senda Verslunarráði Íslands ársreikning skólans, endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda, og ársskýrslu eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert.

9. gr.

Verði Verzlunarskóli Íslands lagður niður sem sjálfseignarstofnun skal Verslunarráð Íslands ráðstafa hreinni eign skólans með tilliti til markmiða hans.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari getur stjórn Verslunarráðs Íslands gert með samþykki $\frac{2}{3}$ stjórnarmanna sem sækja stjórnarfund.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá Verzlunarskóla Íslands og breytingum á henni.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað áður útgefinnar skipulagsskár frá 3. desember 1962.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. júní 1993.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Margrét Hauksdóttir.